

**Nú.**

**200. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.

Frá Árna Jónssyni.

Á eftir 3. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa i tryggingarfelagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 15000 kr. Skal með því vera trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðar og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt trygðar fyrir 7500 kr.

Undanþegnir tryggingarskyldunni eru konungur og ættmenn hans og erlendir þjóðhöfðingjar og skyldnið þeirra. Ennfremur sendiherrar og ræðismenn erlendra ríkja, sem hjer eru handfaldir, og starfsmenn þeirra við embættið, enda sjeu þeir ekki íslenskir ríkisborgarar.

Tryggingarskyldan nær og eigi til bifreiða, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjarfelaga.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenning á tryggingarfjölögum.

Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfelagi, eru lögtafskræf.

Tryggingarfelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er trygt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.